

ÁRSREIKNINGUR LANDSPÍTALA 2022

ÁRSREIKNINGUR LANDSPÍTALA 2022

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnenda	4
Yfirlit um afkomu.....	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi.....	9
Skýringar.....	10



MAÍ 2023

Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, kt: 500300-2130

Skýrsla stjórnenda

Landspítali er þjóðarsjúkrahús og háskólasjúkrahús sem starfar samkvæmt lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, svo og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans. Landspítali er A-hluta ríkisstofnun.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þrífættu hlutverki að gegna, þ.e. þjónustu við sjúklinga, menntun heilbrigðisstarfsmanna og rannsóknunum í heilbrigðisvísindum. Gildi spítalans eru umhyggja, fagmennska, öryggi og framþróun. Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsfólks síns.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015. Lögin kveða á um að reikningsskil Ahluta ríkissjóðs skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS).

Í kjölfar breytingar á lögum um opinber fjármál hefur ríkt óvissa um meðhöndlun á fasteignum Landspítala. Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar í ársreikningnum en þó er ýmis kostnaður gjaldfærður vegna þeirra auk þess sem haldið er utan um endurbætur meðal fastafjármuna. Fyrirvara verður því að gera varðandi afkomu og efnahagsstöðu. Fjallað er nánar um þetta í skýringu 17.

Á árinu 2022 gætti enn mikilla áhrifa á rekstur Landspítala vegna faraldurs Covid-19. Hafði faraldurinn veruleg áhrif á fjárhag og afkomu spítalans á árinu 2022. Draga þurfti verulega úr hefðbundinni starfsemi, einkum á fyrri helmingi ársins, en á móti jókst álag á spítalann vegna sjúklinga með Covid-19 og vegna mönnunarvanda sem m.a. má rekja til veikindafjarvista starfsfólks og álags vegna faraldursins. Starfsfólk var kallað úr fríi árið 2021 og því var reynt að auka frítöku þess 2022 til þess að tryggja endurheimt.

Í fjáráukalögum 2022 fékk spítalinn 8.644,0 m.kr. fjárveitingu vegna útgjalda í tengslum við Covid-19. Alls voru 580,8 m.kr. af fjárveitingunni tilkomnar vegna óbætts kostnaðar á árinu 2021 sem rekja má til Covid-19. Viðbótarkostnaður vegna Covid-19 var á árinu 8.859,7 m.kr. og ófjármagnað er því 796,6 m.kr.

Covid-19 og aðrar veirusýkingar eru enn að valda auknum útgjöldum á spítalanum á árinu 2023 þó að talvert hafi dregið úr beinum kostnaði vegna COVID-19 á árinu 2022. Reikna má með að faraldurinn hafi að einhverju leyti varanleg áhrif árekstur spítalans, m.a. vegna breyttra verkferla varðandi sóttvarnir og vegna nýrra verkefna og nýrrar tækni í tengslumvið skimun og greiningu veirusýkinga.

Afkoma ársins var jákvæð um 1.541 m.kr. Skýrist það af tvennu. Annars vegar af fjárveitingum sem millifærðar voru til spítalans í lok árs af óráðstöfuðum fjárveitingum málaflokks sérhæfðrar sjúkrahúspjónustu og hins vegar af fjárveitingum til að mæta óbættum kostnaði fyrra árs, fyrst og fremst vegna Covid-19.

Eigið fé spítalans er neikvætt samtals að fjárhæð 650 m.kr. í lok ársins. Eignir spítalans nema 27.038 m.kr. en skuldir eru samtals 27.688 m.kr.

Samkvæmt okkar bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstri Landspítala á árinu 2022 og eignum, skuldum og eiginfjárstöðu spítalans þann 31. desember 2022 í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Reykjavík, 12. apríl 2022

Gunnar Ágúst Beinteinsson



Undirritað af:
Gunnar Ágúst
Beinteinsson
2609663599
Dags: 13.04.2023
Tími: 12:23:55
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 0cd230fb-32aa-
416d-8660-7e9873bf22b4

Runólfur Pálsson



Undirritað af:
Runólfur Pálsson
2512595429
Dags: 14.04.2023
Tími: 08:06:01
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 0cd230fb-32aa-
416d-8660-7e9873bf22b4

Yfirlit um afkomu ársins 2022

Tekjur	Skýr.	2022	2021
Fjárveitingar ríkisins til rekstrar	5	92.543.883	84.307.088
Frestaðar tekjur	5	1.598.081	1.938.416
Tekjufært ríkisframlag samtals		94.141.964	86.245.504
 Þjónustutekjur	6	5.475.520	4.666.355
Tekjufærðir styrkir til fjárfestinga	8	124.788	106.466
Aðrar tekjur	7	5.081.607	5.341.931
Leyfisskyld lyf og blöndunargjöld	9	5.431.161	5.217.464
Leyfisskyld lyf, endurkræfur kostnaður	9	(5.212.623)	(5.023.930)
Tekjur af starfsemi samtals		10.900.452	10.308.286
 Tekjur samtals		105.042.416	96.553.789
 Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	10	75.854.433	65.528.803
Vörunotkun	11	16.667.225	18.053.703
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	12	7.540.691	6.862.304
Annar rekstrarkostnaður	13	1.914.184	2.030.919
Afskriftir	15,16,18	1.525.647	1.411.345
Gjöld samtals		103.502.181	93.887.074
 Afkoma án fjármagnsliða		1.540.235	2.666.716
 Fjármunatekjur	14	384	8.673
 Afkoma ársins		1.540.618	2.675.388

Efnahagsreikningur

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	15	203.928	132.455
Varanlegir rekstrarfjármunir	16	6.547.580	6.871.751
Sjálfstæðar rekstrareiningar	18	150.192	175.165
Eignaverk vegna fasteigna	17	5.165.306	4.605.535
Hlutfjáreign	19	2.500	2.500
Fastafjármunir samtals		12.069.507	11.787.406
Veltufjármunir			
Birgðir	20	1.741.776	2.393.448
Viðskiptakröfur	21	2.148.491	1.588.607
Aðrar skammtímakröfur	21	58.375	57.289
Ríkissjóður	24	10.556.230	9.498.634
Fyrirframgreiddur kostnaður		433.979	347.281
Handbært fé	22	29.481	12.735
Veltufjármunir samtals		14.968.331	13.897.994
Eignir samtals			
		27.037.838	25.685.399

31. desember 2022

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eigið fé	4		
Höfuðstóll í ársbyrjun		(2.190.979)	(4.762.014)
Annað eigið fé		0	(104.354)
Afkoma ársins		1.540.618	2.675.388
Eigið fé samtals		<u>(650.361)</u>	<u>(2.190.979)</u>

Skuldir

Langtímaskuldir

Langtímaskuldbinding	23	486	5.184
Frestuð framlög	25	12.953.047	12.543.728
Fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir v. fjárfestinga		991.335	976.219
Innlaun frestaðra framlaga næstu 12 mánuði		<u>(1.478.889)</u>	<u>(1.419.636)</u>
Langtímaskuldir samtals		<u>12.465.980</u>	<u>12.105.495</u>

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir		4.505.048	5.601.594
Orlofsskuldbinding og frítímaréttur	26	7.828.731	7.537.701
Ógreidd laun og launatengd gjöld		1.403.470	1.205.871
Næsta árs afborgun samninga	23	6.081	6.081
Innlaun frestaðra framlaga næstu 12 mánuði		<u>1.478.889</u>	<u>1.419.636</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>15.222.219</u>	<u>15.770.884</u>

Skuldir samtals

	<u>27.688.199</u>	<u>27.876.379</u>
--	-------------------	-------------------

Eigið fé og skuldir samtals

	<u>27.037.838</u>	<u>25.685.399</u>
--	-------------------	-------------------

Sjóðstreymi 2022

Handbært fé til rekstrar	2022	2021
Afkoma ársins	1.533.896	2.675.388
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Frestaðar tekjur, gjafir og styrkir	(1.722.868)	(2.044.882)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	1.525.627	1.411.345
Hreint veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	1.336.655	2.041.852
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Breyting á birgðum	651.672	(60.263)
Breyting á rekstrartengdum kröfum	(1.705.264)	(4.158.055)
Breyting á rekstrartengdum skuldum	(607.918)	1.664.248
Handbært fé til rekstrar	(324.855)	(512.218)
Fjárfestingarhreyfingar		
Tækjabúnaður og önnur fjárfesting	(1.669.377)	(1.407.449)
Endurbætur og nýframkvæmdir	(138.351)	(482.685)
Fjárfestingarhreyfingar	(1.807.728)	(1.890.135)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborgun samninga	(4.698)	(6.804)
Innkomnar gjafir og styrkir v. fjárfestinga	139.904	120.937
Fjárfestingaframlag ársins	2.014.123	2.294.453
Fjármögnunarhreyfingar	2.149.329	2.408.586
Breyting á handbæru fé	16.746	6.234
Handbært fé í ársbyrjun	12.735	6.501
Handbært fé í árslok	29.481	12.735

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Landspítali er A-hluta ríkisstofnun og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í rekstri á sjúkrahúsi og heilbrigðisþjónustu. Lögheimili stofnunarinnar er að Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur ársreiknings

Ársreikningur Landspítala fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál 123/2015. Reikningurinn er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (International Public Sector Accounting Standards, IPSAS) með þeim frávikum sem lýst er í skýringum með honum. Auk þess er stuðst við lög um ársreikninga nr. 3/2006 varðandi atriði sem ekki er fjallað um í IPSAS-stöðlum.

Ársreikningurinn er á rekstrargrunni og byggir á kostnaðarverðsreglu reikningsskila. Reikningsskilin eru sett fram í íslenskum krónum, námunduð að næsta þúsundi, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Viðskipti við sjálfstæðar rekstrareiningar innan samstæðu Landspítala og stöður milli þeirra eru jafnaðar út við gerð ársreiknings, ásamt innbyrðisfærslum. Hagnaður/tap sem myndast hefur í innbyrðis viðskiptum hefur ekki verið eytt út.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem ársreikningur Landspítala byggir á eru birtar í skyggðum boxum í viðkomandi skýringum.

Bókhald og fjármál

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikningsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum gerir ráð fyrir að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á val og beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda og tekna og gjalda auk skýringa.

Mat og gefnar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru raunhæfir miðað við aðstæður. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru skoðaðar reglulega. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eru gerðar og einnig á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Skýringar frh

Innleiðingarætlun IPSAS

Í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) segir að reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (IPSAS) og tóku þau ákvæði gildi frá og með 1.1.2017.

Landspítalinn fylgir innleiðingarætlun Fjársýslu ríkisins og fjármála- og efnahagsráðuneytis. Vegna umfangs breytinga hefur reikningsskilaráð ákveðið að fresta innleiðingu á nokkrum IPSAS-stöðlum. Innleiðing á IPSAS 13 um leigusamninga hefur helst áhrif á ársreikning Landspítala.

•IPSAS 13 um leigusamninga – Gert er ráð fyrir að þessi staðall verði leystur af hólmi með nýjum staðli. Þar verða að öllum líkindum gerðar verulegar breytingar á meðhöndlun þessara þátta, sambærilegar við það sem hefur átt sér stað á almennum markaði. Frestun á innleiðingu þessa staðals hefur óveruleg áhrif á reikningsskil núna, en búast má við að nýr staðall þýði töluverðar breytingar á meðferð leigusamninga líkt og átt hefur sér stað við innleiðingu samsvarandi IFRS-staðals.

3. Starfsþáttayfirlit

	Skrifstofa	Þjónustusvið	Klínísk svið	Sjálfstæðar rekstrar- einingar	Utan sviða
Tekjufært ríkisframlag	5.947.939	21.641.003	67.226.928	(166.219)	(507.686)
Rekstrartekjur	125.371	3.055.496	2.114.752	11.871.462	(987.444)
Tekjur samtals	6.073.309	24.696.499	69.341.680	11.705.243	(1.495.130)
Laun og tengd gjöld	5.509.594	12.128.644	56.775.011	1.305.192	135.992
Önnur rekstrargjöld	538.960	13.264.872	11.396.802	10.353.101	(2.627.186)
Gjöld samtals	6.048.553	25.393.516	68.171.813	11.658.293	(2.491.194)
Afkoma starfsþátta	24.756	(697.017)	1.169.867	46.949	996.064

Samkvæmt stjórnskipulagi spítalans árið 2022 skiptist hann í þrjú svið og skrifstofu Landspítala. Undir þessum skipulagseiningum eru svo sjálfstæðar rekstrareiningar. Spítalanum má í meginráttum skipta í tiltekna starfsþætti á árinu 2022. Fyrir nánari sundurliðun á fjárhæðum hér fyrir ofan vísum við í skýringu númer 30.

4. Eigið fé

Ójafnað eigið fé spítalans nam 650,3 m.kr. í lok árs. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2022 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1. janúar 2022	(2.190.979)
Tekjuhalli án ríkisframlags	(92.601.346)
Ríkisframlag ársins	94.141.964
Eigið fé 31. desember 2022	(650.361)

Skýringar frh

5. Fjárheimildir og rekstur

	Fjárheimildir 2022	Áætlun ársins	Ársreikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld	(76.806.237)	(75.779.599)	(75.854.433)	(74.834)
Önnur rekstrargjöld	(22.515.746)	(27.503.843)	(27.720.182)	(216.338)
Rekstrartekjur	6.647.900	8.944.257	10.775.664	1.831.407
Rekstrarniðurstaða				1.540.235
Afskriftir		(1.525.647)	(1.525.647)	(0)
Fjárfestingaframlag	(1.877.200)	1.367.879	1.598.081	230.201
Framlag úr frestuðum tekjum		230.201		(230.201)
Styrkir og gjafir til fjárfestinga		124.788	124.788	(0)
Vextir og gengismunur		0	384	384
Mismunur gjalda og tekna	(94.551.283)	(94.141.964)	(92.601.346)	1.540.618

Í fjárheimildum ársins 2022, að millifærslum meðtöldum, voru Landspítala ætlaðar 94.551,3 m.kr. í ríkisframlag. Áætlaðar fjárheimildir ársins eru tilgreindar á grundvelli áætlaðra raunútgjalda sviða yfir árið sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Rekstrarframlag ríkisins er fært í rekstrarreikning á grundvelli fjárlaga og fjáraukalaga og í samræmi við ákvæði í fylgiriti með fjárlögum ársins.

Fjárfestingaframlag á fjárlögum er ekki tekjufært í afkomu ársins á fjárveitingarári heldur er framlagið fært sem skuld í efnahagsreikning sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlaun í afkomu ársins verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

6. Þjónustutekjur

	2022	2021
Rannsóknir	2.378.077	2.098.213
Komur á göngudeildir og bráðadeildir	968.612	927.408
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum	1.257.838	837.057
Sérfræðiþjónusta, önnur	363.749	335.246
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta	507.243	468.431
Samtals	5.475.520	4.666.355

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma.

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt.

Skýringar frh

7. Aðrar tekjur

	2022	2021
Vörusala	3.112.312	3.084.131
Önnur seld þjónusta	1.263.562	1.477.552
Selt fæði	368.638	351.154
Rannsóknar- og þróunarverkefni	83.034	94.923
Leigutekjur	66.576	74.340
Aðrar tekjur	176.323	225.155
Framlög og gjafir	11.162	34.676
Samtals	5.081.607	5.341.931

Tekjur af seldum vörum eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Leigutekjur eru færðar línulega yfir leigutímann í yfirlit um afkomu.

8. Styrkir til kaupa á tækjabúnaði og til annarra fjárfestinga

Styrkir og gjafir til fjárfestinga á spítalanum koma frá sjálfstæðum sjóðum, líknarsamtökum, félagasamtökum og einstaklingum. Oftast eru framlögin reidd fram hverju sinni vegna tiltekins búnaðar. Á tímabilinu janúar til desember 2022 voru móttæknar gjafir og styrkir vegna fjárfestinga samtals 139,9 m.kr. og þar af tekjufært á árinu 124,8 m.kr.

Gjafir og styrkir til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum eru ekki færðir til tekna í rekstrarreikningi á móttökuári, heldur sem skuld í efnahagsreikningi sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlausan í rekstrarreikningi verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

9. Leyfisskyld lyf

	2022	2021
Leyfisskyld lyf, sala án vsk og álagningar	5.212.623	5.023.930
Leyfisskyld lyf, blöndunar-, umsýslu- og afgreiðslugjald	218.538	193.534
Leyfisskyld lyf, endurkræfur kostnaður	(5.212.623)	(5.023.930)
Samtals	218.538	193.534

Með nýjum lyfjalögum sem tóku gildi 1. janúar 2021 var felld á brott skilgreining á S-merktum lyfjum en víkkuð út skilgreining á leyfisskyldum lyfjum. Við breytinguna voru mörg S-merkt lyf gerð almenn og falla því ekki hér undir. Landspítalinn fær leyfisskyld lyf endurgreidd frá sérstökum fjárlagalið 08-212 sem heldur utan um kostnað lyfjanna. Eftir sitja tekjur á Landspítala sem nema blöndunar-, umsýslu- og afgreiðslugjaldi.

Skýringar frh

10. Laun og launatengd gjöld

	2022	2021
Föst laun	41.763.979	37.809.619
Önnur laun	20.320.479	15.951.265
Launatengd gjöld	13.769.974	11.767.919
Samtals	75.854.433	65.528.803

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 4.882 að meðaltali á árinu 2022, en þau voru til samanburðar 4.696 á árinu 2021. Á árinu 2022 voru 6.129 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 5.912 á árinu 2021. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk.

Réttindi starfsmanna til launa, árlegt orlof, starfsleyfi og önnur svipuð launaréttindi eru færð í yfirlit um afkomu þegar réttur starfsmanna til þeirra stofnast.

11. Vörunotkun

	2022	2021
Lækninga- og hjúkrunarvörur	5.452.011	5.751.590
Lyf	1.874.665	2.898.611
Lyf samkvæmt lyfseðli	2.931.685	2.912.035
Rannsóknarvörur	3.793.399	4.116.737
	14.051.760	15.678.973
Matvæli	1.215.914	990.976
Orkugjafar	494.484	458.071
Áskriftir vísindarita, bækur og skrifstofuvörur	234.770	225.960
Byggingavörur	295.579	293.709
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur	374.718	406.015
	2.615.465	2.374.730
Samtals	16.667.225	18.053.703

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á.

Vörubirgðir eru metnar á meðalkostnaðarverði á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

Skýringar frh

12. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld

	2022	2021
Sérfræðiþjónusta	2.131.229	2.034.353
Verkkaup	2.675.966	2.554.852
Leigu- og afnotagjöld	1.098.651	1.054.325
Ferðir, fundir, risna o.f.l.	379.759	94.422
Aðkeyptur akstur	792.493	731.916
Flutningaþjónusta	296.085	251.957
Annað	166.509	140.479
Samtals	7.540.691	6.862.304

13. Annar rekstrarkostnaður

	2022	2021
Opinber gjöld og tryggingar	680.860	651.018
Framlag til rannsókna og gæðaverkefna	133.759	116.000
Minniháttar tæki, áhöld og varahlutir	953.256	960.455
Ýmis óreglulegur kostnaður	146.309	303.446
Samtals	1.914.184	2.030.919

Fasteignagjöld eru bókuð til gjalda í rekstrarreikningi þrátt fyrir að fasteignir séu ekki eignfærðar hjá Landspítala.

Rekstrarkostnaður er færður á því tímabili þegar til hans er stofnað.

Skýringar frh

14. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2022	2021
Vaxtatekjur	11.782	3.895
Vaxtagjöld	(8.057)	(4.249)
Gengismunur	(3.341)	9.027
Samtals	384	8.673

Vaxtatekjur spítalans eru einkum af viðskiptakröfum. Kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í lok ársins vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu. Allur fjármagnskostnaður er færður í afkomu ársins á því tímabili sem hann fellur til.

Vaxtatekjur eru færðar til tekna í afkomu ársins á því tímabili sem til þeirra er unnið.

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Gengishagnaður og gengistap er jafnað út og nettó niðurstaða færð meðal fjármunatekna eða fjármagnsgjalda eftir atvikum.

15. Óefnislegar eignir

	Tölvukerfi	Hugbúnaður	Samtals
Stofnverð 1/1	97.710	232.131	329.842
Viðbót á árinu	0	138.351	138.351
Stofnverð 31/12	97.710	370.483	468.193
Afskriftir 1/1	18.799	178.588	197.387
Afskriftir ársins	9.771	57.107	66.878
Bókfært verð 31.12.2022	69.140	134.788	203.928
Afskriftarhlutföll	20%	20%	

Óefnislegar eignir sem aflað hefur verið á árinu 2016 eða fyrr, voru ekki endurmetnar og færðar til eignar eins og á við um aðrar fjárfestingar. Óefnislegar eignir, svo sem hugbúnaður, sem fjárfest var í á árunum 2017 og síðar eru færðar til eignar meðal fastafjármuna.

Óefnislegar eignir sem eru keyptar sérstaklega eru metnar á kostnaðarverði. Eftir upphaflega færslu eru óefnislegar eignir færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun sé hún til staðar. Allur kostnaður vegna óefnislegra eigna sem verður til innan Landspítala er gjaldfærður í afkomu ársins á því ári sem kostnaðurinn fellur til.

Skýringar frh

16. Varanlegir fastafjármunir (án sjálfstæðra rekstrareininga)

	Lækningataeki	Bifreiðar	Annað lausafé	Samtals
Stofnverð 1/1	11.655.785	101.897	1.779.042	13.536.724
Viðbót á árinu	942.227	28.986	133.186	1.104.400
Selt/niðurfært á árinu	0	(15.090)	0	(15.090)
Stofnverð 31/12	12.598.012	115.794	1.912.228	14.626.034
Afskriftir 1/1	5.579.142	54.030	1.031.802	6.664.973
Afskriftir ársins	1.206.233	11.055	208.918	1.426.206
Selt/niðurfært á árinu	0	(12.726)		(12.726)
Bókfært verð 31.12.2022	5.812.637	63.435	671.509	6.547.580
Afskriftarhlutföll	5-16,67%	10-12,5%	0-20%	

Vegna nýrra laga um opinber fjármál urðu breytingar á meðferð eignakaupa í bókhaldi Landspítala. Eignakaup sem áður voru gjaldfærð voru á árinu 2017 eignfærð. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir voru á árunum 2011 til 2016 voru endurmetnir og færðir til eigna á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum frá kaupári. Endurmat þeirra er fært sem frestað framlag meðal skulda. Framlagið verður innleyst í rekstrarreikningi á móti gjaldfærðum afskriftum þessara eigna á eftirstöðvum líftíma þeirra.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði eða matsvirði sé um gjafir að ræða, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun sé hún til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili spítalanum framtíðarávinningi og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í afkomu ársins þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar.

Söluhagnaður/-tap af sölu eigna er mismunur á söluverði að frádregnum sölukostnaði og bókfærðu verði á söludegi. Söluhagnaður/-tap er fært í yfirlit um afkomu ársins.

Skýringar frh

17. Eignaverk vegna fasteigna

	2017-2019	2020	2021	2022	Samtals
Hringbraut	1.698.937	168.652	6.850	0	1.874.439
BUGL	850.001	43.830	67.319	94.109	1.055.260
Landakot	559.243	205.023	377.324	130.452	1.272.043
Fossvogur	379.513	118.015	227	22.767	520.521
Tunguháls	72.653	0	24.393	31.113	128.159
Kópavogur	26.983	0	0	0	26.983
Ármúli	0	0	6.572	68.801	75.374
Grensás	0	0	0	212.528	212.528
Samtals	3.587.330	535.519	482.685	559.772	5.165.306

Útgjöld til eignaverka vegna fasteigna eru færð upp til eignar meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi, enda er Landspítali ekki eigandi fasteignanna. Fasteignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði og því er um kröfu á ríkissjóð að ræða. Hún er færð sem langtímakrafa og á móti er langtímaskuld sem er fjárfestingaframlag vegna fasteigna.

Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar í ársreikningnum skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Viðhald fasteigna og fasteignagjöld eru þó gjaldfærð sem rekstrarkostnaður í afkomu ársins. Aftur á móti er endurbótum á fasteignum og nýframkvæmdum haldið sérstaklega til haga og kostnaður vegna verkanna færður meðal fastafjármuna undir liðinn "Eignaverk vegna fasteigna". Á móti meðal langtímaskulda er bókað á liðinn „Fjárfestingaframlag vegna eignaverka“. Ríkissjóður innheimtir ekki húsaleigu hjá Landspítala og eru því not spítalans af fasteignunum endurgjaldslaus á árinu.

18. Sjálfstæðar rekstrareiningar

	Þvottahús	Apótek	Matsala sjúkrahótels	Samtals
Stofnverð 1/1	280.708	44.817	957	326.482
Viðbót á árinu	5.600	1.990	0	7.590
Stofnverð 31/12	286.308	46.808	957	334.073
Afskriftir 1/1	126.718	24.345	255	151.318
Afskriftir ársins	27.952	4.515	96	32.563
Bókfært verð 31.12.2022	131.638	17.948	606	150.192
Afskriftarhlutföll	10-12,5%	0-20%	10-20%	

Nokkrar rekstrareiningar spítalans fá ekki fé til fjárfestinga af fjárfestingaframlagi skv. fjárlögum m.a. vegna samkeppnisaðstæðna. Fjármögnun fjárfestingar hér skal koma frá sjóðstreymi rekstrar. Haldið er sérstaklega utan um tækjakaup þessara eigna. Ofangreind tafla sýnir stöðu tækjabúnaðar á þessum einingum.

Skýringar frh

19. Hlutfjáreign

Hlutfjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði og nemur eignarhluturinn 4,6%. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í 11 einkahlutafélögum á Íslandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Nafnverð þessara hluta er samtals 396,6 þús. kr. og hlutdeild Landspítala er á bilinu 0,3%-17,3%. Talsverð óvissa er um raunverulegt verðmæti flestra þessara hluta. Skoðun í byrjun árs 2023 leiddi hvorki til þess að þessir hlutir væru endurmetnir né að hlutdeildaraðferð væri beitt við færslu hlutanna til eignar í efnahagsreikningi.

20. Vörubirgðir

	Varúðar- niðurfærsla 31.12.2022	Verðmæti eftir niðurfærslu 31.12.2022	Verðmæti eftir niðurfærslu 31.12.2021
Lækninga- og hjúkrunarvörur	19.984	336.228	340.324
Lyf	24.552	526.448	825.171
Rannsókn- og röntgenvörur	38.119	420.689	690.251
Rekstrarvörur	16.539	442.325	524.875
Matvæli	1.304	16.085	12.827
Samtals	100.499	1.741.776	2.393.448

Vörubirgðir eru færðar á meðalkostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist, á grundvelli stöðu í birgðakerfum og birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara og lagerhalds. Niðurfærsla hvers lagers er metin sérstaklega.

Skýringar frh

21. Skammtímakröfur

	2022	2021
Viðskiptakröfur		
Heilbrigðisstofnanir	315.620	283.068
Sjúkratryggingar Íslands	572.040	323.380
Einstaklingar	560.993	651.076
Erlendar kröfur	513.580	333.703
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir	188.929	202.783
Leyfisskyld lyf	187.771	0
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(190.442)	(205.404)
Viðskiptakröfur samtals	2.148.491	1.588.607
Aðrar skammtímakröfur	58.375	57.289
Samtals	2.206.866	1.645.896

Niðurfærsla viðskiptakrafna

Viðskiptakröfur spítalans eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í lok ársins og breyting hans á árinu er sem hér segir:

	2022
Niðurfærslureikningur 1. janúar 2022	205.395
Bein afskrift tapaðar krafna	(195.678)
Framlag í niðurfærslureikning	180.725
Niðurfærslureikningur 31. desember 2022	190.442

Skammtímakröfur eru einkum vegna vörusölu eða seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans.

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

22. Handbært fé

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sjálfseignarstofnunum, sérsjóðum og verkefnum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu og reglubundna skráningu tekna og gjalda í fjárhagsbókhaldi, auk launabókhalds. Bókhald þessara aðila er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sérsjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 10 lögaðilar og 62 sjóðir. Þeirra á meðal má nefna Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg, Minningarsjóð Margrétar Oddsdóttur og Landspítalasjóð Íslands. Meðal stærstu einstakra undirsjóða Landspítalasjóðs eru sjóðir sem tengjast barnadeildum spítalans. Bankareikningar sem tilheyra þessum sérsjóðum eru samtals 42 og innstæða í árslok 2022 nemur samtals 823,9 m. kr.

Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmargir einstaklingar og hópar eru skráðir fyrir sjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara verkefna í árslok 2022 er 241. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum krónum til 68,9 m. kr. Samtals eru innstæður á þessum reikningum í árslok 2022 um 1.020,1 m. kr.

	2022
Handbært fé Landspítala	29.481
Handbært fé - Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá	823.900
Handbært fé - Rannsóknar- og vísindaverkefni	1.020.100

Handbært fé samanstendur af reiðufé, bankareikningum og innstæðum með skemmri en þriggja mánaða binditíma.

Skýringar frh

23. Langtímaskuldbinding

	Ógjaldfallnar eftirstöðvar		Núvirtar eftirstöðvar	
	2022	2021	2022	2021
Greiðslur á næsta reikningsári	6.862	6.334	6.081	6.081
Til greiðslu síðar	0	5.806	486	5.184
	6.862	12.140	6.567	11.264
Framtíðar vaxtagjöld	(295)	(875)		
Núvirtar eftirstöðvar	6.567	11.264		

Skuldbindandi samningar undir langtímaskuldum eru fjármögnunarleigusamningar við eignaleigufyrirtæki og aðrir skuldbindandi samningar við öflun eigna. Vísað er til upplýsinga um aðra skuldbindandi samninga frá fyrri árum utan efnahagsreiknings í skýringu nr. 28.

Skuldbinding er færð þegar stofnunin hefur skuldbindingu, lagalega eða ætlaða, vegna atburða í fortíð, líklegt er talið að þörf verði á útstreymi fjármuna stofnunarinnar til þess að hægt sé að gera upp skuldbindinguna og hægt er að meta fjárhæð hennar á áreiðanlegan hátt.

Skuldbindandi langtímasamningar sem bera vexti eru færðir á upphaflegu viðskiptaverði að fráðregnum afborgunum og að teknu tilliti til vísitölu- og gengisbreytinga eftir því sem við á. Skuldir eru skilgreindar sem skammtímaskuldir nema stofnunin hafi skilyrðislausan rétt til að fresta greiðslu í að lágmarki eitt ár eftir lok reikningsárs.

24. Ríkissjóður

Staða og hreyfingar í viðskiptum við ríkissjóð eru sem hér segir:

Staða við ríkissjóð 1. janúar 2021	4.352.036
Staða orlofsskuldbindingar 1. janúar 2022	5.146.598
Staða 1. janúar 2022	9.498.634
Framlag til rekstrar	92.543.883
Fjárfestingaframlag	1.318.400
Framlag vegna eignaverka	558.800
Framlag vegna sérgreindra verkefna	130.200
Móttæknar greiðslur	(93.493.688)
Staða 31. desember 2022	10.556.230

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlaga og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Jafnframt eru fjárfestingaframlög ársins færð yfir viðskiptareikning. Í lok desember 2022 nam krafa spítalans á ríkissjóð 10.556,3 m.kr. Orlofs- og frítímaréttaskuldbindingin er ennþá hluti af af stöðu við ríkissjóð en sundurgreint í upphafsstöðu í samræmi við samþykkt Alþingis á ríkisreikning 2017 þann 16. maí 2019, sem veitir heimild til að bæta stofnunum upp áhrif orlofsskuldbindinganna á eigið fé.

Skýringar frh

25. Frestuð framlög

	Frestað framlag v. eldri eign	Fyrirfram innheimt framlag	Framlag vegna eignaverka	Framlag vegna birgða og önnur verkefni	Samtals
Flutt frá fyrra ári	1.732.552	5.842.065	4.446.443	522.668	12.543.728
Framlag ársins	0	1.318.400	558.800	130.200	2.007.400
Tap af sölu	0	(20)	0	0	(20)
Afskriftir/notkun	(559.612)	(808.248)	0	(230.201)	(1.598.061)
Staða í lok ársins	1.172.940	6.352.198	5.005.243	422.667	12.953.047

Fyrirfram innheimt fjárfestingaframlag, frestað framlag vegna eldri varanlegra rekstrarfjármuna og fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir færðir meðal langtímaskulda. Þessar fyrirfram innheimtu tekjur eru ekki færðar í rekstrarreikning.

Fjárfestingaframlag á fjárlögum er ekki tekjufært í afkomu ársins á fjárveitingarári heldur er framlagið fært sem skuld í efnahagsreikning sem fyrirfram innheimtar tekjur. Innlaun í afkomu ársins verður á móti afskriftum á notkunartíma eignanna.

26. Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

	2022	2021
Sumarorlof	5.941.758	5.669.459
Hvíldartímafrí	1.215.962	1.102.756
Vaktafrí og annar áunninn frítími	671.012	765.487
Samtals	7.828.731	7.537.702

Skuldbinding spítalans vegna orlofsréttinda og annarra áunninna frítímaréttinda starfsmanna í lok ársins er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Gjaldfærsla í rekstrarreikningi á sér stað við ávinnslu réttinda.

Í kjölfar breytinga á lögum um opinber fjármál var orlofsskuldbindingin færð til skuldar í ársbyrjun 2017 og samkvæmt fyrirmælum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu var hún færð meðal veltufjármuna. Í ársreikning 2019 var gerð sú breyting að upphafsstaðan frá 2017 var færð á móti stöðu við ríkissjóð, sjá nánar skýringu númer 24.

Skýringar frh

27. Eignir utan efnahagsreiknings

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut	21.295.573	30.566.557
Fossvogur	7.894.588	13.146.750
Landakot	2.206.630	3.567.400
Kópavogur	2.765.250	2.845.700
Kleppur	2.178.696	2.554.758
Vífilsstaðir	781.475	1.348.830
Grensás	1.291.850	1.911.250
Tunguháls	889.350	898.700
Sumarhús starfsmanna	406.977	488.450
Aðrar eignir	3.655.750	4.234.380
Samtals	43.366.139	61.562.775

Fasteignir sem tilheyra Landspítala eru ekki eignfærðar í efnahagsreikningi samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í lok ársins 2022.

Útgjöld til eignaverka vegna fasteigna eru færð upp til eignar meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi, enda er Landspítali ekki eigandi fasteignanna. Fasteignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði og því er um kröfu á ríkissjóð að ræða.

Skýringar frh

28. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Námsleyfi lækna

Í lok desember 2022 nemur reiknuð skuldbinding vegna óbókaðra námsleyfa lækna samtals 928,3 m.kr.

Réttur lækna til námsleyfis er ekki færður sem skuldbinding í efnahagsreikningi vegna óvissu um úttekt. Kostnaður vegna þessara leyfa er gjaldfærður við úttekt.

Samningar

	Skuldbinding		Til Greiðslu	
	31.12.2022	2023	2024	2025
	2.456.166	849.155	835.465	894.842
Samtals	2.456.166	849.155	835.465	894.842

Landspítalinn hefur gert þjónustusamninga vegna reksturs tölvukerfa og lækningatækja. Þessir þjónustusamningar eru ekki færðir í efnahagsreikning. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir heildarskuldbindingu og framtíðargreiðslur án tillits til framtíðarverðbólgu.

Húsaleiga

	Skuldbinding 31.12.2022	Innan árs	1-5 ár	Yfir 5 ár
Húsleiga	5.921.238	655.729	2.496.495	3.804.012
Samtals	5.921.238	655.729	2.496.495	3.804.012

Landspítalinn hefur gert húsaleigusamninga með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa nema 5.921 m.kr. í lok árs 2022.

Húsaleigusamningar eru ekki færðir sem skuldbinding í efnahagsreikning og réttindi ekki færð til eignar á móti. Sama á við um skuldbindandi samninga, sem gerðir hafa verið við öflun óefnislegra eigna á fyrri árum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skýringar frh

29. Fimm ára rekstraryfirlit

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2018-2022. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Fjárhæðir í millj. kr.

	2022	2021	2020	2019	2018
Tekjur	10.900	10.308	8.179	9.061	8.343
Gjöld	(101.976)	(92.467)	(82.884)	(76.637)	(70.936)
Afskriftir	(1.526)	(1.411)	(1.287)	(1.161)	(1.380)
Gjöld umfram tekjur	(92.601)	(83.570)	(75.993)	(68.737)	(63.973)
Ríkisframlag samtals	94.142	86.246	75.543	66.356	62.547
Afkoma ársins	1.541	2.675	(450)	(2.381)	(1.426)
Fastafjármunir	12.070	11.787	11.309	10.580	8.874
Veltufjármunir	14.968	13.898	9.673	7.767	9.714
Eignir samtals	27.038	25.685	20.982	18.347	18.588
Höfuðstóll	(650)	(2.191)	(4.762)	(4.312)	(1.937)
Langtímaskuldir	12.466	12.105	11.755	9.273	8.347
Skammtímaskuldir	15.222	15.771	13.989	13.386	12.178
Eigið fé og skuldir samtals	27.038	25.685	20.982	18.347	18.588

Skýringar frh

30. Rekstraráætlun 2022

Svið og kjarnar	2022	Áætlun	Mismunur	Frávik %
Skrifstofa forstjóra	416.251	404.845	(11.406)	(2,8%)
Framkv.stjórar hjúkrunar og lækninga	4.030.003	4.029.770	(234)	(0,0%)
Fjármál	832.123	868.375	36.253	4,2%
Mannauðsmál	644.805	644.949	143	0,0%
Skrifstofa Landspítala	5.923.182	5.947.939	24.756	0,4%
Skrifstofa meðferðarsviðs	333.753	392.174	58.421	14,9%
Lyflækninga- og bráðþjónusta	14.355.131	14.572.289	217.157	1,5%
Öldrunar- og endurhæfingþjónusta	7.014.085	7.460.855	446.770	6,0%
Geðþjónusta	6.806.732	6.919.237	112.506	1,6%
Sjúkrahótel	320.351	348.986	28.636	8,2%
Meðferðarsvið	28.830.052	29.693.541	863.490	2,9%
Skrifstofa aðgerðarsviðs	446.329	438.157	(8.173)	(1,9%)
Skurðlækningaþjónusta	6.868.025	6.957.601	89.575	1,3%
Skurðstofur og gjörgæsla	11.145.773	11.643.920	498.146	4,3%
Krabbameinsþjónusta	4.977.108	4.884.665	(92.443)	(1,9%)
Hjarta- og æðþjónusta	4.985.844	4.896.722	(89.123)	(1,8%)
Kvenna- og barnaþjónusta	8.803.930	8.712.324	(91.606)	(1,1%)
Aðgerðarsvið	37.227.010	37.533.387	306.377	0,8%
Skrifstofa þjónustusviðs	477.025	515.876	38.851	7,5%
Rannsóknþjónusta	10.308.671	10.213.531	(95.140)	(0,9%)
Aðföng og umhverfi	9.583.090	8.982.241	(600.849)	(6,7%)
Lyfjaþjónusta	(94.961)	(19.164)	75.798	(395,5%)
Heilbrigðis- og upplýsingatækni	1.851.027	1.782.299	(68.728)	(3,9%)
Þjónustusvið	22.124.852	21.474.784	(650.068)	(3,0%)
Ósjúkratryggðir	(1.201.886)	(809.696)	392.189	(48,4%)
Landspítali sameiginlegt	(301.864)	(295.365)	6.499	(2,2%)
Leyfisskyld lyf	0	0	0	0,0%
Miðlæg verkefni	0	(993.564)	(993.564)	100,0%
Flutt staða milli ára vegna eigin fjár	0	1.590.939	1.590.939	100,0%
Utan sviða	(1.503.750)	(507.686)	996.063	(196,2%)
Samtals 2022	92.601.346	94.141.964	1.540.618	1,6%

